

# Tine Optifôr

## notendahandbók

**Berglind Ósk Óðinsdóttir, fóðurráðunautur  
tók saman**




# Handbók um notkun á Tine Optifôr-Island

Tine optifôr er netlægt forrit sem finnst á slóðinni <http://medlem.tine.no>



The screenshot shows the TINE Rådgiving og Medlem website. At the top right, there are links for 'WWW.TINE.NO' and 'NYHETER / PRESSE'. The main header area contains the text 'TINE Rådgiving og Medlem' and a navigation menu with 'STARTSIDE', 'OM OSS', 'NØKKELTALL', and 'REGIONNYTT'. A login section is highlighted with a red circle, containing a 'Brukernavn' field, a password field with dots, a 'Logg inn' button, and a 'Ny bruker' link with a 'Hjelp innlogging' sub-link. The sidebar on the left includes 'Fagbiblioteket', 'Medlemsinformasjon', 'Nyttige linker', and 'Rådgivingstilbud'. The main content area features an article titled 'Oppslagstavle' with a sub-heading 'Kvalitetsregler og Priser 2011' and a date of '10. februar 2011'. Below this is another article 'Bruk helseattesten ved omsetting av livdyr' dated '9. februar 2011'. To the right, there is a section for 'Ukas gromku' featuring a photo of cows and text: '1020 EINA Eier: Astrid G. og Kåre Enger 2420 TRYSIL'. At the bottom right, there is a 'Nyheter' section with a link to 'Sømna lager Norvegia Fvldiq'.

Fyrsta skrefið er að skrá sig inn í kerfið með notendanafni og lykilorði og ýta á **Logg inn**.



The screenshot shows the TINE Rådgiving og Medlem website after login. The user is logged in as 'Halldóra Andrésdóttir Engihlð (B1039)'. The sidebar on the left includes 'Min buskap Ku', 'Planlegging', 'TINE OptiFôr Ku', and 'TINE OptiFôr Ungdyr'. The main content area features a section titled 'TINE OptiFôr Ku' with navigation links: '[Hjem/Arkiv]', '[Listevalg]', '[Buskap]', '[Dyr]', '[Förmidler]', '[Beregning]', and '[Info]'. Below this, there is a 'Velkommen til bruk av TINE OptiFôr Ku!' section with a welcome message and instructions on how to use the system. The instructions state: 'Verktøyet TINE OptiFôr Ku gjør det mulig å drive rasjonell förplanlegging basert på ny kunnskap gjennom det fellesnordiske förvurderingssystemet for storfe; NorFor Plan. Det er laget for TINEs rådgivere og bønder, men kan gjøres tilgjengelig for andre brukergrupper etter avtale med TINE Rådgiving. Programmet gjør det mulig å legge inn ulike forutsetninger og egne data. Brukeren er selv ansvarlig for faglige vurderinger i forbindelse med bruk av programmet. Les mer.' Below the instructions, there is a form to 'Upload producer Data' with a 'Browse...' button and an 'Upload data' button. At the bottom, there is a section for 'Arkiv föringslister' with a link 'Om datautveksling med lokalt system' and 'Om overgangsföring'. A navigation bar at the very bottom includes 'Vis', 'Slett', 'Plandato', 'Beskrivelse', 'Opprettet av', 'Opprettet dato', and 'Innsyn'.

Síðan velur þú: **Min buskap Ku, Planlegging, Tine Optifôr Ku.**



TINE Ráðgiving og Medlem

Du er innlogget som: **Halldóra Andrésdóttir Engihlíð (B1039)** [Min profil](#) [Logg ut](#)

[STARTSIDE](#) | [OM OSS](#) | [NØKKELTALL](#) | [REGIONNYTT](#)

**TINE OptiFôr Ku**

[\[Hjem/Arkiv\]](#) [\[Listevalg\]](#) [\[Buskap\]](#) [\[Dyr\]](#) [\[Förmidler\]](#) [\[Beregning\]](#) [\[Info\]](#)

**Produsent:** 15 64 6310 Félagsbúið Engihlíð **Distr/rádg:** 8/  
**Datagrunnlag:** Pr. ku (fra Huppa) **Avdrátt:** I Huppa **Plandato:** 23.02.2011

**Velkommen til bruk av TINE OptiFôr Ku!**

Verktøyet TINE OptiFôr Ku gjør det mulig å drive rasjonell fôrplanlegging basert på ny kunnskap gjennom det fellesnordiske fôr vurderingssystemet for storfe; NorFor Plan. Det er laget for TINEs rådgivere og bønder, men kan gjøres tilgjengelig for andre brukergrupper etter avtale med TINE Rådgiving.

Programmet gjør det mulig å legge inn ulike forutsetninger og egne data. Brukeren er selv ansvarlig for faglige vurderinger i forbindelse med bruk av programmet. [Les mer.](#)

**Use of the system**

In order to use OptiFor you need to upload base data for the herd you want to work on. This file is provided by Huppa and can be retrieved by navigating to [HuppaUrl]. After uploading data for a producer, this producer can be selected by using the checkbox below. To upload new data for an already existing producer, just follow the same procedure.

Upload producer Data:  [Browse...](#) [Upload data](#)

**Arkiv fôringslister** [Om datautveksling med lokalt system](#) [Om overgangsfôring](#)

Vis	Slett	Plandato	Beskrivelse	Opprettet av	Opprettet dato	Innsyn
-----	-------	----------	-------------	--------------	----------------	--------

**Min buskap Ku** ▾  
**Planlegging** ▾  
 • **TINE OptiFôr Ku**  
 • TINE OptiFôr Ungdyr  
 Ungdyr

• **Fagbiblioteket**

• **Medlems- informasjon**

• **Nyttige linker**

• **Rådgivingstilbud**

Blogg:  
**TOPP TEAM FØRING**

**BLOGG KUKONTROLLEN**

TINE Rådgivings medlemstjenester benyttes av 10888 mjølkeprodusenter.

7151 av disse er sertifisert for egenregistrering av data til Kukontrollen.

TINE Mastittlaboratoriet

Helsetjenesten for storfe

Þá ertu í **Hjem/Arkiv** sem er forsíðan þín. Þú byrjar á því að hlaða inn Huppu-skrá sem þú hefur vistað í tölvuna þína. Þegar þú ert einu sinni búin að hlaða inn tiltekinni skýrslu þarftu ekki að hlaða henni inn aftur, næst hleður þú inn skýrslu þegar nýrri skýrslu hefur verið skilað í Huppu. Til að hlaða inn skrá velur þú **Browse...** þá opnast gluggi sem leyfir þér að finna skýrsluna í tölvunni þinni. Þegar þú hefur valið hana ýtir þú á **Upload data**.

## TINE OptiFôr Ku



[Hjem/Arkiv] [Listevalg] [Buskap] [Dyr] [Förmidler] [Beregning] [Info]

**Produsent:** 15 64 6310 Félagsbúið Engihlíð **Distr/rádg:** 8/  
**Datagrunnlag:** Pr. ku (fra Huppa) **Avdrátt:** I Huppa **Plandato:** 23.02.2011



### Velkommen til bruk av TINE OptiFôr Ku!

Verktøyet TINE OptiFôr Ku gjør det mulig å drive rasjonell förplanlegging basert på ny kunnskap gjennom det fellesnordiske förvurderingssystemet for storfe; NorFor Plan. Det er laget for TINEs rådgivere og bønder, men kan gjøres tilgjengelig for andre brukergrupper etter avtale med TINE Rådgiving.

Programmet gjør det mulig å legge inn ulike forutsetninger og egne data. Brukeren er selv ansvarlig for faglige vurderinger i forbindelse med bruk av programmet. [Les mer.](#)

### Use of the system

In order to use OptiFor you need to upload base data for the herd you want to work on. This file is provided by Huppa and can be retrieved by navigating to [HuppaUrl]. After uploading data for a producer, this producer can be selected by using the checkbox below. To upload new data for an already existing producer, just follow the same procedure.

Upload producer Data:

### Arkiv föringslister

[Om datautveksling med lokalt system](#) [Om overgangsföring](#)

Vis	Slett	Plandato	Beskrivelse	Opprettet av	Opprettet dato	Innsyn
		23.02.2011	prufa	Halldóra Andrésdóttir Engihlíð (Island-produsent)	23.02.2011	Ja

Upplýsingar um búið koma efst á síðuna, eins og búsnúmer, nafn bónda ofl. Neðst á síðunni er listi yfir áætlanir sem hafa verið vistaðar fyrir þetta bú. Í fremsta dálki **Vis** er mynd af stækkunargleri, ef þú ýtir á það opnast áætlunin sem PDF skjal. Næsti dálkur **Slett** hefur mynd af rusli og ef þú ýtir á hann eyðir þú tiltekinni áætlun. Næsti dálkur er **Plandato** og segir til um dagsetningu áætlunar. Svo er dálkurinn **Beskrivelse** þar sem nafn áætlunar kemur fram. Þá er dálkurinn **Opprettet av** og vísar hann til þess sem vistaði áætlunina.

**Produsent:** 13 38 5310 Grímshagi Ehf **Distr/rádg:** 2/  
**Datagrunnlag:** Pr. ku (fra Huppa) **Avdrátt:** I Huppa **Plandato:** 14.02.2011

### Velg innstillingar

Endringer lagret.

<b>Datagrunnlag</b>	Pr. ku (fra Huppa) ▼	←
<b>Type avdrátt</b>	I Huppa ▼	←
<b>Plandato</b>	14.02.2011 ▼	

[Bruk i beregning](#)

Næsti flipi er **Listevalg**. Þar velur þú hverskonar gögn þú vilt vinna með, hverskonar lista. Þá er fyrst valið um **Datagrunnlag** þar sem valmöguleikarnir eru:

**Pr. Ku (fra Huppa)**

**Pr gruppe/ku (egendefinert)**

**Dagsavdrátt 0-50 kg**

**Laktasjonsuke 1-43**

Það fer svo aðeins eftir því hvað þú velur í Datagrunnlag hvaða möguleikar verða í næsta vali

**Type avdrátt**. En möguleikarnir geta verið

**I Huppa** (ef þú valdir Pr. Ku (fra Huppa) sem datagrunnlag.

**Planlagt** (ef þú valdir Pr. Ku (fra Huppa), Pr gruppe/ku (egendefinert) eða Laktasjonsuke 1-43)

**Egendefniert** (ef þú valdir Pr gruppe/ku (egendefinert) eða Dagsavdrátt 0-50 kg)

Þegar þú hefur valið það sem þú ætlar að nota mundu að ýta á **Bruk i beregning**. Þessi takki fylgir okkur á milli flipa og hann vistar það sem við höfum gert og tekur með áfram.

Produsent: 13 38 5310 Grímshagi Ehf Distr/rádg: 2/  
 Datagrunnlag: Pr. ku (fra Huppa) Avdrátt: I Huppa Plandato: 14.02.2011

### Buskapsdata

Over 10 dager siden siste kontroll. Nye kalvinger kan mangle, og avdráttan kan ha endret seg.

Siste kontroll	Antall kontroller siste 12 mnd	Antall kyr
31.12.2010	12	67

Driftsform	Oppstalling	Beite	Grovfór, % av appetitt	Venta mjølkepris
Konvensjonell	Løsdrift	Nei	100	100,00 kr pr kg EKM

Levendevekt ved kalving - gjennomsnitt			Hold - gjennomsnitt		
1.kalvskyr	369 kg	2.kalvskyr	435 kg	Eldre kyr	465 kg
			Ved kalving	3,00	Nå 3,00

Analysedata som ønskes brukt ved beregning av fôrbehov					
	Fett %	Protein %	Laktose %	Urea mmol/l	Frie fettsyrer mekv/l
<input checked="" type="radio"/> Analyseresultat KK siste kontroll med analyser (30.12.10)	4,08	3,38	4,70		
Analyseresultat fra prøveuttak er ikke tilgjengelig					
<input type="radio"/> Standardverdier	4,00	3,40	4,53		

305-dagers avdrátt					
	Siste 12 mnd (fra siste periodeutskrift)			Planlegging	
	305-dagers avdrátt kg EKM	Antall kyr	% fordeling	Ønsket 305-dagers avdrátt kg EKM	Antall kyr
1.kalvskyr	4901	11	30%	4901	11
2.kalvskyr	6900	8	22%	6900	8
Eldre kyr	7275	17	47%	7275	17
<b>Middel buskap</b>	<b>6466</b>			<b>6466</b>	

Nú erum við í flípanum **Buskap**. Hérna koma upplýsingar um búíð frá Huppu. Það getur verið ágætt að yta á **Tilbakestill** áður en þú byrjar að vinna, það á sérstaklega við ef þú hefur hlaðið inn nýrri skýrslu þegar þú byrjaðir. Áður en þú sækir skrá í Huppu er gott að yfirfara almennar upplýsingar um búíð, þetta á helst við í upphafi þegar þú hefur ekki sótt skýrslu áður. Almennar upplýsingar eins og hvort um sé að ræða básafjós eða lausagöngu. Þessu er einnig hægt að breyta hérna en það þarf þá að gera í hvert skipti. Meðalþyngd íslenskra mjólkurkúa kemur inn ef ekkert annað er skráð í Huppu. Þessu er einnig hægt að breyta ef vill. Upplýsingar um kýrsýni koma úr Huppu og vonandi bætast tanksýnin við fljólega. Eins er hægt að notast við **Standardverdier** sem eru meðaltöl fyrir Ísland. Neðst á síðunni eru upplýsingar um 305 daga nyt á búinu. Þá er búíð að flokka kýrnar upp í 1. kálfs, 2. kálfs og eldri gripi og reikna meðalnyt fyrir hvern flokk, neðst er svo meðalnyt búins. Fyrir aftan þessa útreikninga eru reitirnir opnir undir **Planlegging** þar getum við sett inn aðra nyt ef vill og með hana er unnið þegar valið er **Planlagt** undir avdrátt í **Listevalg** flípanum. Mundu að yta á **Bruk i beregning** þegar þú hefur lokið þér af hérna.



Merk aktuelle kvr	Ku nr	Navn	Rase	Lakt. nr	Siste kalv. dato	Siste ins. dato	Levendevækt kg		Hold poeng		Beregna daglig tilvekst g/dag	Historiske veiedata (kg mjólk)			Venta dags- avdrátt	Sin ku?	Analyseresultat mjólk			Merknad
							v/kalv.	Ná	v/kalv.	Ná		31.10.10 (3.siste kontroll)	30.11.10 (2.siste kontroll)	31.12.10 (siste kontroll)			Fett %	Prot %	Lakt %	
<input checked="" type="checkbox"/>	0009	Helga	70	3	04.05.10	04.07.10	465	465	3,00	3,00		20,6	24,2	19,2	19,2		2,94	3,01	4,70	Venta kalving 10.04.11
<input checked="" type="checkbox"/>	0014	Randa	70	6	13.12.09	08.08.10	465	465	3,00	3,00		20,8	22,2	19,9	19,9		3,80	3,29	4,70	Venta kalving 15.05.11
	0020	Betta	70	5	18.07.09 *	21.05.10	465	465	3,00	3,00		0,0	0,0	0,0	0,0 *		4,41	3,39	4,70	Venta kalving 25.02.11
	0045	Fura	70	5	28.06.09 *	29.05.10	465	465	3,00	3,00		10,1	11,8	10,0	10,0		4,65	3,52	4,70	Venta kalving 05.03.11
<input checked="" type="checkbox"/>	0047	Kúra	70	6	07.01.10		465	465	3,00	3,00		13,1	13,0	11,2	11,2		4,15	3,14	4,70	
	0097	Petra	70	3	19.07.09 *	18.08.10	465	465	3,00	3,00		9,3	11,8	9,8	9,8		3,98	3,53	4,70	Venta kalving 25.05.11
<input checked="" type="checkbox"/>	0099	Öld	70	2	05.04.10	13.07.10	435	435	3,00	3,00		9,9	8,8	7,8	7,8		2,99	3,64	4,70	Venta kalving 19.04.11
<input checked="" type="checkbox"/>	0109	Gúrka	70	2	05.02.10	14.06.10	435	435	3,00	3,00		16,3	14,9	16,4	16,4		5,22	4,03	4,70	Venta kalving 21.03.11
	0114	Grund	70	1	15.09.09 *	19.11.09 *	369	454	3,00	3,00	188	0,0	0,0	0,0	0,0 *		4,40	3,42	4,70	
	0122	Ljóska	70	1	23.12.09	27.04.10	369	435	3,00	3,00	188	7,2	5,1	0,0	0,0 *		4,83	3,53	4,70	
<input checked="" type="checkbox"/>	0173	Fönn	70	4	14.09.10	18.11.10	465	465	3,00	3,00		25,2	33,8	26,3	26,3		4,00	3,40	4,70	Unormal avdráttsgang?
<input checked="" type="checkbox"/>	0219	Sokka	70	4	18.11.10		465	465	3,00	3,00		0,0	34,2	38,7	38,7		4,48	3,78	4,70	
<input checked="" type="checkbox"/>	0221	Álft	70	4	24.08.10	07.01.11	465	465	3,00	3,00		15,9	20,3	15,8	15,8		3,92	3,53	4,70	
<input checked="" type="checkbox"/>	0229	Hryggja	70	2	13.10.10	24.01.11	435	435	3,00	3,00		17,2	20,3	20,7	20,7		4,00	3,40	4,70	

Þá er næsta að fara í **Dyr**. Hérna kemur upp sá dýralisti sem við á eftir því hvað þú valdir í flípanum **Listevalg**. Á þessari mynd er dýralistinn eins og hann var á síðustu skýrslu sem þú hlóðst inn úr Huppu. Þarna koma fram *ku nr* sem er númer grips, *navn* nafn grips, *rase* kúakyn og 70 stendur fyrir Íslenskar kúr, *lakt nr* númer mjaltaskeiðs, *siste kav. dato* síðasti burðardagur, *siste ins. dato* sæðingardagur, *levendevækt* er þungi annars vegar við burð og hinsvegar við áætlanagerð, *hold poeng* holdastigun, *beregna daglig tilvekst g/dag* vöxtur í g/dag, *historiske veiedata (kg mjólk)* síðustu mælingar (kg mjólk) fremst er 3. síðasta skýrsla, svo næst síðasta skýrsla og þá nýjasta skýrslan, *venta dagsavdrátt* væntanleg nyt, *sin ku?* geldkúr, *analyseresultat mjólk* efnandiurstöður mjólkur fita, prótein og laktósi, *merknad* athugasemdir eins og ef það styttist í burð, nýbærur, óeðlileg lækkun í nyt á milli skýrsla. Allir reitir sem eru opnir er hægt að breyta, öðru þarf að breyta í Huppu svo það komi fram á dýralista. Rauðmerktar kúr eru annaðhvort geldar eða það er eitthvað rangt í skráninu, það á þá t.d. við um burðar og sæðingardagsetningar. Ef þær passa ekki kemur rauð stjarna þar og þessu þarf að breyta í Huppu svo hægt sé að vinna áætlanir fyrir tiltekna kúr.

Merk aktuelle kyr/grupper	Ku gruppe nr	Navn/ Beskrivelse	Antall dyr i gruppe	Rase	Lakt. nr	Lakt. uke	Drektig- hetsuke	Levendevækt kg		Hold		Beregna daglig tilvekt g/dag på plan- dato	Dags- avdrátt kg mjólk	Sin ku?	Analyseverdier		
								v/kalv.	På plan- dato	v/kalv.	På plan- dato				Fett %	Prot. %	Lakt. %
<input type="checkbox"/>	1	Huppa	1	70-Islandsku	1	20	10	369	384	3,00	3,00	113	20,0		4,00	3,40	4,53
<input type="checkbox"/>	2		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			
<input type="checkbox"/>	3		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			
<input type="checkbox"/>	4		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			
<input type="checkbox"/>	5		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			
<input type="checkbox"/>	6		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			
<input type="checkbox"/>	7		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			
<input type="checkbox"/>	8		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			
<input type="checkbox"/>	9		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			
<input type="checkbox"/>	10		1	01-NRF	1		*	369	369	3,00	3,00		0,0	JA			

Við erum ennþá í **Dýra** flípanum. Þetta er listi þar sem þú getur búið gripina til sjálfur, þennan lista færðu upp ef þú velur í **Listevalg Pr gruppe/ku (egendefinert)**. Þú getur valið hvað dýralistinn á að vera langur með því að skrifa fjöldann í **Angi ónsket antall dyr/grupper** og ýta á **Endre**. Svo eru upplýsingar um dýrin settar inn. Fyrst númer, næst nafn, þá er hægt að velja fjölda dýra sem eru í þessum aðstæðum ef vill (antall dyr i gruppe), svo velur þú kúakyn (rase), mjaltaskeið (lakt. nr), vika í mjóltum (lakt. uke), vika í meðgöngu (drektighetsuke), þyngd (vekt), nyt (dagsavdrátt), fita, prótein og mjólkursykur. Ef músin er sett yfir feitletruðu orðin kemur smá lýsing/útskýring eins og t.d. á **Drektighetsuke** (vika í mjóltum), þá fáum við þær upplýsingar að í reitinn má setja minnst 0 og mest vika í mjóltum mínus 7 eða 42 vikur. Athugið að haka við þær kyr sem á að vinna áætlun fyrir og ýta svo á **Bruk i beregning**.



## Buskapsförmidler

[NorFor förmiddeltabell](#) [Föranalyser](#) **Velg för-egenskaper** Standard

Kopiering av förmiddel fra NORFOR er utført.




Velg		Förkode	Navn	Type	DM	Ash	CP	sCP	NH3N	CFat	NDF		
<input type="checkbox"/>				006-0495-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxg, snemmsl.,45-60%þe	Vothey	421	82	176	698	10	30	588
<input type="checkbox"/>				006-0496-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl,20-45%þe	Vothey	265	67	114	682	10	30	658
<input type="checkbox"/>				006-0497-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl, 45-60%þe	Vothey	648	67	118	442	10	30	658
<input type="checkbox"/>				006-0498-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, snemmsl, 20-45%þe	Vothey	226	76	173	789	10	30	569
<input type="checkbox"/>				230-0002-001	Kúakögglar 16	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	81	183	249	0	59	124
<input type="checkbox"/>				230-0003-001	Kúakögglar 20	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	79	227	246	0	62	124
<input type="checkbox"/>				232-0006-001	Góðnyt 19	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	75	266	214	0	40	183
<input type="checkbox"/>				232-0008-001	Sparnyt 16	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	72	191	226	0	34	201
<input type="checkbox"/>				232-0009-001	Sparnyt 19	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	74	224	214	0	33	190
<input type="checkbox"/>				232-0024-001	Liflands Lactation Kögglar	Steinefnablanda	950	915	0	0	0	6	0




Þá förum við næst í **Förmidler** þar sem við setjum inn upplýsingar um fódrið. Það er hægt að skoða eiginleika fódursins vel í þessum flipa. Þeir koma fram fyrir aftan hverja fódurtegund fyrir sig. Það er einnig hægt að velja hvaða eiginleika við sjáum þarna í **velg för-egenskaper**. Ef fódurlistinn er orðin langur en þig langar að bera saman tiltekna fódurtegundir þá getur þú hakað í þær og ýtt á **Vis valgte** þá verða aðeins þær tegundir sýnilegar, þegar þú villt sjá allann listann aftur þá ýtir þú á **Vis alle**. Eins getur þú valið að eyða mörgum fódurtegundum í einu, þá hakar þú í þær sem þú ætlar að eyða af listanum og ýtir á **slett valgte**. Til þess að sækja fódur í fódurtöflunar ýtir þú á **Norfor förmiddeltabell**.

Produsent: 13 38 5310 Grímshagi Ehf Distr/rádg: 2/  
 Datagrunnlag: Pr. ku (fra Huppa) Avdrátt: I Huppa Plandato: 14.02.2011

## NorFor förmiddeltabell

Region	Gruppe/forhandler	Type	Kode
NorFor	1 Bygg	Beit	
Noregur	2 Olúfræ	Gras / Smári	
Norður	3 Belgjurtir	Heilsæði	
SE- ekki tilbúið	4 Rótarávextir	Vothey	
Suður	5 Önnur fræ	Votv Heilsæði	
Svíþjóð	6 Gróffóður	Hey og hálmur	
Ísland	7 Aðrar jurtir	Graskögglar	

För-egenskaper: Standard

Þegar þú ert komin í fóðurtöflurnar opnast þessi valgluggi. Þá velur þú Ísland til að sækja upplýsingar um íslenskt fóður, þú getur einnig valið eitthvað annað land ef þú vilt skoða staðlaðar fóðurtegundir. Í næsta dálki **Gruppe/forhandler** velur þú hvernig fóður þú ætlar að sækja, í þessu tilfelli er merkt við Gróffóður (nr 6). Aftasti dálkurinn er til þess að velja nákvæmar en það þarf ekkert endilega að velja í honum, ef ekkert er valið kemur allt fram undir flokknum sem var valin í Gruppe/forhandler. Til þess að fá upp það sem þú hefur valið ýtir þú á **Sök**. Þegar listinn birtist hakar þú í þær tegundir sem þú ætlar að sækja og ýtir á **kopier valgte**

Produsent: 13 38 5310 Grímshagi Ehf Distr/rádg: 2/  
 Datagrunnlag: Pr. ku (fra Huppa) Avdrátt: I Huppa Plandato: 14.02.2011

## NorFor förmiddeltabell

Region	Gruppe/forhandler	Type	Kode
NorFor	227 Bústólpi	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	
Noregur	228 Lífland	Kálfafóðurblanda	
Norður	229 Sláturfélag Suðurland	Steinefnablanda	
SE- ekki tilbúið	230 Fodurblandan	vítamínblanda	
Suður	231 Bústólpi	Mjólkurduft	
Svíþjóð	232 Lífland	Ýmislegt	
Ísland	233 Sláturfélag Suðurland	Kjarnfóðurblandur f. mjólkurkúr hátt CP	

För-egenskaper: Standard

Hérna erum við ennþá í fóðurtöflunum. En hérna sést hvar Íslensku kjarnfóðursalarnir liggja. Þá velur þú Ísland og neðst í **Gruppe/forhandler** listanum liggja kjarnfóðursalarnir, Fódurblandan, Bústópi, Lífland og Sláturfélag Suðurlands. Kjarnfóðursalarnir hafa aðgang að NorFor og geta uppfært sýnar vöru og bætt við ef úrvalið breytist. Þegar listinn birtist hakar þú í þær tegundir sem þú ætlar að sækja og ýtir á **kopier valgte**

**Produsent:** 13 38 5310 Grímshagi Ehf. **Distr/rádg:** 2/  
**Datagrunnlag:** Pr gruppe/ku (egendefinert) **Avdrátt:** Egendefinert **Plandato:** 14.02.2011

### Buskapsfórmidlar

[NorFor fórmiddeltabel](#) [Fóranalýser](#) **Velg för-egenskaper** Standard

Kopiering av fórmiddel fra NORFOR er utført.

Bruk valgte i beregning

Vis valgte

Slett valgte

Velg	Fórkode	Navn	Type	DM	Ash	CP	sCP	NH3N	CFat	NDF
<input type="checkbox"/>	006-0495-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxg, snemmsl.,45-60%þe	Vothey	421	82	176	698	10	30	588
<input type="checkbox"/>	006-0496-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl,20-45%þe	Vothey	265	67	114	682	10	30	658
<input type="checkbox"/>	006-0497-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl, 45-60%þe	Vothey	648	67	118	442	10	30	658
<input type="checkbox"/>	006-0498-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, snemmsl, 20-45%þe	Vothey	226	76	173	789	10	30	569
<input type="checkbox"/>	230-0002-001	Kúakögglar 16	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	81	183	249	0	59	124
<input type="checkbox"/>	230-0003-001	Kúakögglar 20	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	79	227	246	0	62	124
<input type="checkbox"/>	232-0006-001	Góðnyt 19	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	75	266	214	0	40	183
<input type="checkbox"/>	232-0008-001	Sparnyt 16	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	72	191	226	0	34	201
<input type="checkbox"/>	232-0009-001	Sparnyt 19	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	74	224	214	0	33	190
<input type="checkbox"/>	232-0024-001	Liflands Lactation Kögglar	Steinefnablanda	950	915	0	0	0	6	0

Bruk valgte i beregning

Vis valgte

Slett valgte

Hérna ertu aftur komin í flippann **Fórmidlar**, en það gerist sjálfkrafa þegar þú hefur valið fóður úr fóðurtöflunum. Fyrir framan hvert fóður eru þrjár litlar myndir. Fyrst er það blað og penni, ef þú ýtir á það opnast þetta tiltekna fóður og þú getur breytt því eins og þú vilt. Næst er mynd af tveim blöðum saman og ef þú ýtir á þau verður til annað afrit af nákvæmlega þessu fóðri á fóðurlistanum. Síðsta myndin er af ruslatunnu og ef þú ýtir á hana eyðir þú fóðrinu af listanum þínum.



Produsent: 13 38 5310 Grímshagi Ehf Distr/rádg: 2/  
 Datagrunnlag: Pr. ku (fra Huppa) Avdrátt: I Huppa Plandato: 14.02.2011

### Buskapsfôrmiddel detalj



Fórkode	006-0498-001
Navn	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, snemmsl, 20-45'
Gruppe	Gróffóður
Type	Vothey
Lab. analyse nr	
Prosessering	Óskorið ▾
Økologisk	<input type="checkbox"/>
Omliggingsfôr	<input type="checkbox"/>
Utelukke fra økologisk beregning	<input type="checkbox"/>
Heimavla fôr	<input type="checkbox"/>
Høstedato	<input type="text"/> (dd.mm.åååå)
Slátt nr	<input type="text"/>
Lagringsvolum	<input type="text"/>
Lagertype	<input type="text"/> ▾
Tilsetningsmiddel	No additive ▾
Kg N per slátt	<input type="text"/>
Sist endret	02.03.2008 16:02:26

 ▾

Egenskap	Kortnavn	Type	Verdi	Enhet	Grunnlag
Þurrefni	DM	Almenn	226	g/kg	Staðal
Aska	Ash	Almenn	76	g/kg þurrefnis	Staðal
Hráprótein	CP	Prótein	173	g/kg þurrefnis	Staðal
Uppleysanlegt hráprótein	sCP	Prótein	789	g/kg hrápróten	Staðal
Ammóníak N	NH3N	Prótein	10	g N/kg N	Staðal

Þessi mynd kemur upp ef þú velur blaðið og pennann. Hérna eru upplýsingar um fôðrið og þú getur breytt þeim eins og þú vilt. Fyrst eru almennar upplýsingar um fôðrið og svo eiginlekar þess. Þú getur breytt öllum reitum sem eru opnir. Þú getur valið að sjá mismunandi eiginleika fôðursins með því að velja þá **velg fôr-egenskaper**. Þegar þú ert búin að breyta því sem þú vilt breyta ýtir þú á **Lagre**, og svo **Tilbake** til að komast tilbaka.

## TINE OptiFör Ku



[Hjem/Arkiv] [Listevalg] [Buskap] [Dyr] **[Förmidler]** [Bereqing] [Info]

Produsent: 13 38 5310 Grímshagi Ehf Distr/rádg: 2/  
Datagrunnlag: Pr gruppe/ku (egendefinert) Avdrátt: Egendefinert Plandato: 14.02.2011

### Buskapsförmidler

NorFor förmiddeltabel **Föranalyser** Velg för-egenskaper Standard

Kopiering av förmiddel fra NORFOR er utført.

Bruk valgte i bereqing Vis valgte Slett valgte

Velg	Förkode	Navn	Type	DM	Ash	CP	sCP	NH3N	CFat	NDF
<input type="checkbox"/>	006-0495-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxg, snemmsl.,45-60%be	Vothey	421	82	176	698	10	30	588
<input type="checkbox"/>	006-0496-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl,20-45%be	Vothey	265	67	114	682	10	30	658
<input type="checkbox"/>	006-0497-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl, 45-60%be	Vothey	648	67	118	442	10	30	658
<input type="checkbox"/>	006-0498-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, snemmsl, 20-45%be	Vothey	226	76	173	789	10	30	569
<input type="checkbox"/>	230-0002-001	Kúakögglar 16	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	81	183	249	0	59	124
<input type="checkbox"/>	230-0003-001	Kúakögglar 20	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	79	227	246	0	62	124
<input type="checkbox"/>	232-0006-001	Góðnyt 19	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	75	266	214	0	40	183
<input type="checkbox"/>	232-0008-001	Sparnyt 16	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	72	191	226	0	34	201
<input type="checkbox"/>	232-0009-001	Sparnyt 19	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkúr lágt CP	880	74	224	214	0	33	190
<input type="checkbox"/>	232-0024-001	Liflands Lactation Kögglar	Steinefnablanda	950	915	0	0	0	6	0

Bruk valgte i bereqing Vis valgte Slett valgte

Þá ertu aftur komin í **Förmidler**. Þarna inni er einnig hægt að sækja niðurstöður efnagreininga gróffóðurs. Ef það hefur verið efnagreint hjá rannsóknarstofu sem getur sent niðurstöðurnar rafrænt til NorFor. Þá ýtir þú á **Föranalyser**.

## TINE OptiFör Ku




[Hjem/Arkiv] [Listevalg] [Buskap] [Dyr] [Förmidler] [Bereqing] [Info]

Produsent: 14 59 9810 Valdimar Óskar Sigmarsson Distr/rádg: 6/  
Datagrunnlag: Pr. ku (fra Huppa) Avdrátt: I Huppa Plandato: 14.02.2011

### NorFor föranalyser

Kopier valgte Tilbake [Tolking av grovföranalyse](#) [Bestillingsskjema föranalyse](#)

Ønsket tidsrom Fra og med: 14.02.2010 (dd.mm.åååå)   
Til og med: 15.02.2011 (dd.mm.åååå)  
För-egenskaper Standard

Velg	Analyse nr	Dato analysert	Status	Förkode	Navn	Type	DM	Ash	CP	sCP	NH3N	CFat
<input type="checkbox"/>	B210-25994-1	30.11.2010	1	006-0405	Græshø	Hey og hálmur	671	63	169	317	0	26
<input type="checkbox"/>	B210-26006-1	30.11.2010	1	006-0239	Varigt enggræs, ensilage	Vothey	505	64	150	595	29	42
<input type="checkbox"/>	B210-25996-1	30.11.2010	1	006-0239	Varigt enggræs, ensilage	Vothey	146	88	242	345	19	42
<input type="checkbox"/>	B210-25995-1	30.11.2010	1	006-0405	Græshø	Hey og hálmur	529	86	184	317	0	26

**Kopier valgte** Tilbake

Þarna kemur upp listi yfir það fóður sem hefur verið efnagreint fyrir tiltekið bú. Þú getur valið mismunandi tímasetningar **Ønsket tidsrom** og velur þá þann tímaramma sem sýnin eiga að hafa komið þarna inn og ýtir á **Sök**. Hérna er hægt að sjá mismunandi eiginleika fóðursins eins og í öðrum fóðurlistum. Einnig er hægt að skoða hvert fóður fyrir sig með því að ýta á myndina af stækkunarglerinu. Þú hakar svo í það fóður sem þú vilt sækja og hafa á fóðurlistanum fyrir þennan bæ og ýtir á **kopier valgte**.

# TINE OptiFör Ku



[Hiem/Arkiv] [Listevalq] [Buskap] [Dyr] **[Förmidler]** [Bereqning] [Info]

Produsent: 13 38 5310 Grímshagi Ehf Distr/rádg: 2/  
Datagrúnnlag: Pr gruppe/ku (egendefinert) Avdrátt: Egendefinert Plandato: 14.02.2011

## Buskapsförmidler

NorFor förmiddeltabell Föranalyser Velg för-egenskaper Standard

Brúk valgte i beregning Vis valgte Slett valgte

Velg	Förkode	Navn	Type	DM	Ash	CP	sCP	NH3N	CF
<input type="checkbox"/>	006-0495-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, snemmsl.,45-60%þe	Vothey	421	82	176	698	10	3
<input checked="" type="checkbox"/>	006-0496-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl,20-45%þe	Vothey	265	67	114	682	10	3
<input type="checkbox"/>	006-0497-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl, 45-60%þe	Vothey	648	67	118	442	10	3
<input checked="" type="checkbox"/>	006-0498-001	Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, snemmsl, 20-45%þe	Vothey	226	76	173	789	10	3
<input checked="" type="checkbox"/>	230-0002-001	Kúakögglar 16	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkýr lágt CP	880	81	183	249	0	5
<input checked="" type="checkbox"/>	230-0003-001	Kúakögglar 20	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkýr lágt CP	880	79	227	246	0	6
<input type="checkbox"/>	232-0006-001	Góðnyt 19	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkýr lágt CP	880	75	266	214	0	4
<input checked="" type="checkbox"/>	232-0008-001	Sparnyt 16	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkýr lágt CP	880	72	191	226	0	3
<input checked="" type="checkbox"/>	232-0009-001	Sparnyt 19	Kjarnfóðurblanda f. mjólkurkýr lágt CP	880	74	224	214	0	3
<input checked="" type="checkbox"/>	232-0024-001	Liflands Lactation Kögglar	Steinefnablanda	950	915	0	0	0	1

Brúk valgte i beregning Vis valgte Slett valgte

Þegar þú ert komin með allar þær fóðurtegundir sem þú vilt vinna með í listann, hakar þú við þær og ýtir á **Brúk valgte i beregning**.

# TINE OptiFör Ku



[Hiem/Arkiv] [Listevalq] [Buskap] [Dyr] **[Förmidler]** **[Bereqning]** [Info]

Produsent: 13 38 5310 Grímshagi Ehf Distr/rádg: 2/  
Datagrúnnlag: Pr. ku (fra Huppa) Avdrátt: I Huppa Plandato: 14.02.2011

**Optimer** Gjenopprett standard Lås kolonner Eksporter CSV Eksport förautomat Eksport til WestFalia

Beregning		Dagsrasjon, kg för pr förmiddel <b>Vis som kg TS</b>														
Oppsett förrasjonsegenskaper		006-0496-001 Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, síðsl,20-45%þe			006-0498-001 Rúllubaggahey, Vallarfoxgr, snemmsl, 20- 45%þe			230-0002-001 Kúakögglar 16			230-0003-001 Kúakögglar 20			232-0008-001 Sparnyt 16		
Standard		Min	Res	Max	Min	Res	Max	Min	Res	Max	Min	Res	Max	Min	Res	Max
Buskap i alt pr dag -->																
Ku nr	Navn	Antall dyr	Lakt. nr	Dgr e. kalv	Lev. vekt ná	Dags-avdrátt	Opt status kode	Lag								
0009 <sup>b)</sup>	Helga	1	3	287	465	19,2										
0014 <sup>b)</sup>	Randa	1	6	429	465	19,9										
0047	Kúra	1	6	404	465	11,2										
0099 <sup>b)</sup>	Öld	1	2	316	435	7,8										
